

Framtíð Íslendinga og íslenskrar tungu.

I.

Vænt þótti mér um að sjá þess getið, að danskur maður, sem líklegur er til, sakir ættar, auðs og atgerfis, að geta haft mikil áhrif, telur sjálfsgagt, að allir Norðurlandabúar, sem mentaðir vilja heita, læri íslensku. Eg hefi einhverntíma giskað á, að Norðmanni mundi nægja 1—2 vikna góð tilsögn til þess að komast vel á leiðina til þess að geta lesið og skilið íslensku. Svíi mundi þurfa 2—3 vikur, en danskur maður líklega tvöfalt við það. Ættu horfurnar á því, að íslenskan gæti orðið nokkurskonar sambandsmál Norðurlandabjóðanna, að vera málfræðingum mikil hvöt til að semja kenslubækur sem greiddu fyrir þessu, en allri þjóðinni uppörfun til að forðast að spilla hinu fagra og dýrmæta máli voru. En þar er margt að varast, bæði í framburði og á annan hátt. Það má t. d. ekki eiga sér stað, að útlend orðskrípi séu þar notuð, sem til eru góð íslensk orð. Eg minnst þess, að mér varð ekki lítið hverft við, er eg sá að orðið galli (með útlendum framburði) var að fest-

ast í málinu sem heiti á oliufötum (vosklæðum). Þá fór Haraldur konungur Sigurðarson öðruvísi að, er hann vildi gamansamlega nefna herklæði: Nú liggr skruð vart á skipum niðri, sagði hann. Og mætti að visu einnig nú nota orðið skruð þannig í staðinn fyrir útlenda orðið galla (gala).

Þá þarf að vanda stórum betur framburð málsins. Útvarpið hefir gert mikið gagn með því að hjálpa mönnum til að glöggva sig á því betur en áður, hversu óhafandi framburður er algengur orðinn; það gæti gert ennþá miklu meira gagn með því að fá tekur á plötur ræður þeirra, sem tala fyrirmyndar vel, eins og t. d. próf. Sigurður Nordal, og svo ennfremur gallaðan framburð, og vekja síðan ræki-lega eftirtekt á því, sem vel væri og illa um framburðinn. Tilsögn í framburði útlendra mála má að miklu leyti heita innifalín í því, að kenna mönnum hvernig eigi að tala sem óskiljanlegast. Um kenslu í framburði íslenskrar tungu verður að vera á línu.

er fram einurðarlaus, þvöglulega og af kæruleysi um síðari atkvæði orðanna, þá er ekki framar um norrænt mál að ræða.

II.

Ef menn vilja gæta nógu vel að, þá munu þeir sjá, að mannlegt mál er nægileg sönnun þess, að einhversstaðar er til æðra vit en mannlegt. Íslenska, gríska og latína sýna þetta best þeirra mála, sem eg hefi nokkur kynni af. Það verður ekki um of brýnt fyrir mönnum, hve dýrnætur arfur íslensk tunga er og hve mikinn þátt sá arfur hefir átt í því, að hagur þjóðarinnar er ekki verri, og þó horfur á, að enn miklu meiri not megi hafa þess arfs en hingaðtil. Andlegir yfirburðir, skáldment og sagnafróðleikur, voru Íslendingum til forna vegur til fjár og frama. Og af þessu gæti orðið nokkurskonar framhald, og þó mjög miklu betur. Það mætti vel svo til haga, að viðsvegar um jörð væri fjöldi fólks, sem fýsti mjög að koma til Íslands, eigi einungis til að sjá hina merkilegu náttúru landsins, heldur einnig, og þó miklu

meir, til að kynnast þjóð, þar sem ljós andans lýsti bjartar en annarsstaðar á þessari jörð, og þar sem afli andans yrði beitt til stærri verka og betri en áður væri dæmi til. Það er satt, þó að ótrúlegt kunni að þykja, að það mætti vel haga svo til, að langmestar tekjur íslensku þjóðarinnar yrðu af því, að geta tekist á hendur þá fræðslu og þau framaverk, er af mundi leiða meira ljós og betra líf um alla jörð.

Eg hefi hugsað mér að vinna að því einkum í vetur, að gleggri skilning megi á þessu fá en unt er af ritgerðum mínum áður. Og það er enginn vafi á því, að þessa mun auðið verða, ef menn taka nokkru betur á greindinni gagnvart, mér en hingað til er orðið. En engin vitleysa er eins dýr og skaðsamleg einsog að meta einskis þau sannindi, sem helst miða til að bjarga mannkyni einhvers hnattar frá yfirvofandi voða og yfir á þá leið, sem liggur til sífelt batnandi og sífelt aukandi lífs.

Útveit 24 október 1938